

Umhverfisráðuneytið
Logi Kjartansson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. ágúst 2009
2009070008/42-5
TB
jgo/tb

Undanþága frá lögum nr. 64/1994

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 10. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, innan viku, um beiðni Ráðtaks til að fá undanþágu frá lögum nr. 64/1994 til að veiða fugla sem villst hafa inn í iðnaðar- eða matvælahúsnæði með óhefðbundum veiðiaðferðum og fugla sem að öllu jöfnu er friðaðir. Ekki hefur verið hægt að svara þessu erindi fyrr en nú vegna sumarleyfa.

Í fyrri útgefnum leyfum til Ráðtaks hefur verið sett skilyrði um að skýrslu sé skilað til ráðuneytisins um hvernig leyfið hefur verið notað s.s. um hve oft það hefur verið notað og hvaða tegundir hafa verið veiddar og hve margir fuglar af hverri tegund. Eftir því sem Náttúrufræðistofnun Íslands kemst næst hefur þetta skilyrði ekki verið uppfyllt. Þetta getur verið bagalegt m.a. vegna þess að Náttúrufræðistofnun Íslands þarf að gefa skýrslu um útgáfu undanþága af þessu tagi á tveggja ára fresti til höfuðstöðva Bernarsamningsins. Þetta skilyrði þarf því að uppfylla og rétt að Náttúrufræðistofnun fái einnig afrit af skýrslunni. Náttúrufræðistofnun telur að áfram eigi að binda leyfi við þær fuglategundir sem taldar eru upp í fyrri leyfum, starra, skógarpröst og dúfur. Að öðru leyti verði leyfið, ef það verður gefið út, látið gilda til eins árs og með sömu skilyrðum og áður s.s. að aðrar veiðiaðferðir en að skjóta fuglana séu fyrst fullreyndar og að velferð fuglanna sé ávallt höfð í fyrirrúmi.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

